

Opinn skógur

Markmið verkefnisins er að opna skógræktarsvæði þar sem aðstaða og aðgengi verður til fyrirmyndar. Lögð er áhersla á upplýsingar, þannig að gestir fræðist um lífríki, náttúru og sögu viðkomandi svæðis.

Með öflugum stuðningi opnast spennandi áningarsvæði fyrir almenning.



Open forest

The goal of the project is to open forests and forestry sites to public recreation, by setting up recreation facilities and providing educational information on the nature and history of each forest.

GÖNGUM VEL UM GRÓIÐ LAND
TREAD LIGHTLY - DON'T LITTER

Velkomin í skóginn
Welcome to the forest

- Hringleið (740 m)
Circular route (740 m)

Stígur (170 m)
Trail

Stígur (350 m)
Trail

Stígur (580 m)
Trail
- P

Bílastæði
Parking


Borð og bekkir
Picnic area

i

Upplýsingar
Information

Útsýni
Viewpoint
- Þú ert hér
You are here

Skógræktarfélag Íslands - The Icelandic Forestry Association
Sími/Tel.: 551-8150, skog@skog.is, www.skog.is



Akurgerði

Skógræktar- og útivistarsvæði Skógræktarfélags Norður-Þingeyinga

Akurgerði er skógræktar- og útivistarsvæði Skógræktarfélags N-Þingeyinga. Skógrækt hófst hér á 6. áratugnum og er skógurinn nú um 13 hektarar. Akurgerði er í landi prestssetursins Skinnastaðar. Byrjað var að grisja skóginn um 1990 og hefur því verið haldið áfram síðan.

Lífríki skógarins er mjög fjölbreytt. Fuglalíf er mikið, fjöldi blómplantna, ýmis smádýr, fjölbreytt sveppaflóra og ágæt berjaspretta. Margar trjategundir frá ólíkum stöðum í heiminum hafa náð góðum þroska og sýna vel hversu ákjósanleg skógræktarskilyrði eru hér. Akurgerði er því gott sýnishorn um góða möguleika skógræktar í þessum landshluta.

Unnið er að gerð trjásafns í skóginum, með skipulagðri gróðursetningu trjáa og runna meðfram göngustígum og hafa helstu trjategundir verið merktar. Akurgerði er því kjörinn vettvangur til útivistar í fögru og fjölbreyttu umhverfi allan ársins hring.

Skógræktarfélag Norður-Þingeyinga er öflugur félagsskapur áhugafólks um skógrækt og gróðurvernd í Norður-Þingeyjarsýslu. Félagið var stofnað árið 1949 og hefur starfað óslitið síðan.

Recreational forest - North-Þingeyingar Forestry Association

Akurgerði is a recreational forest supervised by the North-Þingeyingar Forestry Association. The area is a property of the vicarage at Skinnastaðir. The cultivation of the forest began in the 1950's and its size is at present around 13 hectares .

The forest has thriving flora and fauna. Numerous tree species from diverse parts of the world grow well and demonstrate how good the growing conditions are here. Akurgerði is thus a prime example of the potential for forests in this part of the country.

Akurgerði has varied flora and fauna, with abundant birdlife, numerous flowering plants, insects, fungi and good berry spots. An arboretum is in development in the forest with planting of trees and shrubs along the accessible trails laid out in the forest.

The North-Þingeyingar Forestry Association is an association of people interested in forestry and conservation in North-Þingeyjarsýsla. The association was founded in 1949. Improved public access to the association's forests is one of its main goals.

